

## UNGMENNALEIKHÚS/FRAMTÍÐAÐEILDIN.

Eins og þið vitið höfum við í Gaflaraleikhúsinu brennandi áhuga á að starfa með ungum framtíðarsníllum að sköpun og leiklist.

Það hefur verið frábært að fá að koma að listrænu uppeldi í Unglingadeildum Hafnafjarðar og samstarfið við Grunskólahátíðina hefur gengið mjög vel undanfarin 3 ár og nú erum við að taka yfir sköpunar og leiklistarkennslu í Flensborg sem er mjög spennandi verkefni þar sem áhersla verður lögð á nýsköpun.

Uppfærslan á Unglingum seinasta vetur var ákveðin tilraun og gekk vonum framár og var sýningin sýnd fyrir fullu húsi í allan vetur og fékk tvær Grímutilnefningar.

Farið var í leikferð um Suðurland og í leikferð til Noregs í júní. Fleiri landshlutar eru búnir að biðja um sýninguna en vegna anna hefur ekki verið hægt að sinna því. RÚV er svo búin að tryggja sér sýningarrétt af unglingum og mun sýna sýninguna eftir áramótin.

Eftir svona stórkostlegar viðtökur langar mann náttúrulega bara að halda áfram. Það er ljóst að það er ákveðin eyðimörk í leiklistarflóru landsmann þegar kemur að leikhúsi fyrir ungt fólk þar sem ungt fólk er sjálfst að skrifa og setja upp sinn veruleika.

Og nú höfum við tækifæri til að fylgja þessu eftir og reka hér sterkt ungmennaleikhús sem eftir verður tekið. Leikhús þar sem ungmenni á aldrinum 14-24 fá að skapa og koma á framfæri sinni sýn á lífið.

Í bígerð eru tvö ný íslensk verk skrifuð af ungu fólki Annarsvegar verk skrifað af 5 stelpum.

Allt svaka flottar leikstelpur, góðir pennar og hafa verið að semja lög líka. Það gleður okkur mikið að fá hóp af svona skapandi og flottum stelpum.

Hins vegar er það leikrit skrifað af 3 strákum og var fyrsti samlestur í síðustu viku og mikið hlegið.

Strákarnir sem stýrðu listahópnum í sumar eru aðalsprauturnar í þeim leikhóp

Ég (Björk) mun leikstýra báðum verkunum og það stefnir allt í að við fáum tvö ný og spennandi verk eftir ungt fólk í vetur.

Annað sem hægt er að gera í vetur er svo að efna til samstarfs við skóla í Hafnafirði og vera með handritasamkeppni þar sem vinningshandritið væri sett upp í Gaflaraleikhúsinu næsta haust.

Þetta verkefni mun klárlega auka sköpunarkraft hjá ungu fólki í Hafnafirði. Það er ótrúleg sprauta fyrir þau að sjá hverju hægt er að koma í verk með því að sýna frumkvæði. Þetta mun svo klárlega hvetja þau til að skrifa, lesa og skapa

þá er það bara þetta klassíska vesen sem við stöndum í þegar kemur að þessari vinnu. Það er aldrei til neinn peningur. Við erum á fínum styrk frá Hafnarfjarðarbæ en eins og þið vitið fer stór hluti þess í leigu og rekstur. Eftir standa 3- 4 milljónir sem verða að fara í atvinnuleiksýningu þar sem við erum jú atvinnuleikhús.

Nú í ár þurfti að gefa banka tryggingu upp á 3 milljónir fyrir leigu og því minnkar þessi tala sem við höfum í uppfærslu enn frekar.

Því þarf að fjármagna ungmennaleikhús eftir öðrum leiðum.

Leikhúsið leggur til alla aðstöðu, ljós, hljóðkerfi, ljósaönnun og tæknimann.

Önnur laun og kostnaður er svo eitthvað sem þarf að safna fyrir.

Draumur okkar er að finna fjárveitingu upp á 1 milljón árlega sem færi í að sinna ungmennaleikhúsinu og gera þetta að langtímaverkefni.

Þar sem þetta verkefni snertir bæði menningu, ungmennastarf og skólastarf þá leita ég til ykkar Marin, Geir og Vigfús í þeirri von að þið sjáið ykkur fært að aðstoða okkur og ungmenni í Hafnafirði til að gera þennan draum að veruleika.

Kær kveðja Björk Jakobsdóttir og Gaflaraleikhúsið